

*Viðbrögð við  
alvarlega gölluðu og  
mögulega skaðlegu fóðri*



**2008**

## Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	3
2. Boðleiðir .....	3
3. Viðbrögð .....	4
a. Fagsviðsstjóri fóðurs .....	4
b. Forstöðumaður matvælaöryggis og neytendamála .....	5
c. Forstjóri .....	6
4. Alvarlegar afleiðingar fyrir heilsu dýra eða fólks .....	7
5. Endurskoðun og viðhald á viðbragðsáætluninni .....	7

## **1. Inngangur**

Einungis er heimilt að flytja inn og/eða markaðssetja fóður eða afurðir sem ætlaðar eru í fóður, til dreifingar og/eða notkunar ef þær eru óspilltar, ósviknar og markaðshæfar og því skal ekki stafa af þeim hættu fyrir heilbrigði manna, heilbrigði dýra, umhverfið né skulu þær hafa skaðleg áhrif á búfjárframleiðslu ef þær eru notaðar á réttan hátt. Eftirlit með þessu er í meginatriðum byggt á reglugerð nr. 340 frá 30 apríl 2001 um eftirlit með fóðri sem spannar löggjöf Evrópusambandsins sem fellur undir II. kafla I. viðauka EES samningsins í samræmi við lög nr. 22 frá 29. mars 1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

Viðbragðsáætlunin er sett í samræmi við ákvæði 4. gr í tilskipun Evrópuráðsins 95/53/EB um setningu meginreglna um skipulag opinbers eftirlits á fóðri, og tilskipunar 2001/46/EB um breytingu á þeirri tilskipun. Þar segir að aðildarríki EES skuli semja viðbragðsáætlun þar sem sett er fram hvað gera skal án tafar ef í ljós kemur að afurð, sem ætluð er í fóður, stofnar heilbrigði manna eða dýra eða umhverfinu í alvarlega hættu. Þar skal tilgreina valdsvið og skyldur, sem og leiðir til að senda upplýsingar. Aðildarríkin skulu endurskoða þessa áætlun, eftir því sem við á, einkum í ljósi breytinga á skipulagi eftirlits og fenginnar reynslu, þ.m.t. þeirrar sem fæst við æfingar þar sem hermt er eftir aðstæðum.

Áætlunin tekur einnig mið af “Rapid alert” kerfinu (RASFF) sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 178/2002 og ákvæði er varða viðbrögð í 23. gr. K-hluta I. kafla reglugerðar nr. 340/2001 um eftirlit með fóðri.

MAST, Matvælastofnun, er hið opinbera eftirlit sem ber ábyrgð á öllu eftirliti með fóðri á landinu í samræmi við löggjöf í II. kafla, I. viðauka í EES samningnum.

## **2. Boðleiðir**

Vakni grunum um skemmt eða hugsanlega hættulegt fóður hjá framleiðendum fóðurs, fóðursölum, viðtakendum, rannsóknarstofum eða öðrum skulu þeir tilkynna það án tafar til forstöðumanns matvælaöryggis og neytendamála hjá MAST eða fagsviðsstjóra fóðureftirlits. Þar skal grunurinn rannsakaður í samræmi við skipulag fyrstu viðbragða í 3. kafla. Sýni niðurstöður fyrstu viðbragða að ekki er hægt að útiloka að fóðrið geti valdið mönnum eða dýrum heilsufarstjóni eða skaðað umhverfið skal forstöðumaður matvælaöryggis og neytendamála gera forstjóra MAST, yfirdýralækni, framkvæmdastjóra inn- og útflutningsmála, forstöðumanni stjórnisýslu- og lögfræði og viðkomandi héraðsdýralækni viðvart. Einnig gerir hann Bændasamtökum Íslands, Fiskistofu, heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga, Landlækni og Umhverfisstofnun viðvart, eftir því sem við á. Fagsviðsstjóri fóðureftirlits gerir kaupendum og framleiðanda fóðursins, seljendum og flutningsfyrirtækjum viðvart. Forstjóri lætur Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra vita, sem og eftirlitsstofnun EFTA, fóðurnefnd, fjölmiðla, starfsmenn MAST og, ef nauðsyn krefur, lögregluna. Framkvæmdastjóri inn- og útflutningsmála ber ábyrgð á að tilkynna frávikin með RASFF tilkynningarkerfinu. Bændasamtökin upplýsa félagi sína og Sóttvarnalæknir lætur heilbrigðiskerfið vita.

### 3. Viðbrögð

#### a. Fagsviðsstjóri fóðurs

Komi upp grunur eða staðfesting á alvarlega gölluðu og hugsanlega hættulegu fóðri skal fagsviðsstjóri fóðurs bregðast við sem hér segir:

1. Meta stöðuna í samvinnu við forstöðumann matvælaöryggis og neytendamála
2. Tilkynna um gruninn munnlega og skriflega til:
  - 2.1 Til forstöðumanns matvælaöryggis og neytendamála
  - 2.2 Til viðtakenda fóðursins
  - 2.3 Til seljanda og framleiðanda fóðursins
  - 2.4 Til flutningsaðila sem tengjast búi, seljanda eða framleiðanda fóðursins
3. Afla upplýsinga um:
  - 3.1 Um uppruna fóðursins
  - 3.2 Um dreifingu fóðursins
  - 3.3 Um viðtakendur fóðursins
4. Stöðva dreifingu og notkun, í samræmi við ákvörðun forstöðumanns matvælaöryggis og neytendamála
  - 4.1 Gefa fóðurfyrirtæki munnleg fyrirmæli um að stöðva dreifingu á fóðrinu,
  - 4.2 Gefa fóðurfyrirtæki munnleg fyrirmæli um að innkalla fóðrið
  - 4.3 Gefa fóðurfyrirtæki munnleg fyrirmæli um að merkja fóðrið sem gallað og skaðlegt
  - 4.4 Fylgjast með að fyrirmælum sé framfylgt
5. Aðstoða forstöðumann matvælaöryggis og neytendamála við að taka ákvörðun um meðhöndlun fóðursins
  - 5.1 Fylgjast með að fyrirmælum um meðhöndlun fóðursins sé framfylgt
6. Taka sýni
  - 6.1 Taka sýni og búa um þau á eftirfarandi hátt:
    - 6.1.1 Leiðbeiningar um sýnatöku á fóðri: [Leiðbeiningar 01](#)
  - 6.2 Fylla út sýnatökuskýrslu og láta hana fylgja með sýnunum
    - 6.2.1 Sýnatökuskýrsla: [Sýnatökuskýrsla 01](#)
  - 6.3 Senda sýnin til: LUFA Nord-West, Institut für Futtermittel, c/o Dr. M. Egert, Jägerstrase 23-27, 26121 Oldenburg, Deutchland
7. Gera ráðstafanir vegna fóðurs sem framleitt var næst á undan og eftir gallaða fóðrinu, í samræmi við ákvörðun forstöðumanns matvælaöryggis og neytendamála
  - 7.1 Gefa fóðurfyrirtækinu munnleg fyrirmæli um að stöðva dreifingu fóðursins
  - 7.2 Taka sýni af fóðrinu
  - 7.3 Skrá viðtakendur fóðursins
8. Hefja rannsókn á framleiðsluferli fóðursins
  - 8.1 Skoða uppskriftir framleiðanda
  - 8.2 Skrá lotunúmer allra hráefna í fóðrinu.
  - 8.3 Fá afrit af skráningu við framleiðslu fóðursins
  - 8.4 Fá afrit af skjalfestum framleiðslureglum fóðursins í gæðahandbók
  - 8.5 Fá skrá yfir starfsfólk á framleiðslutíma, tala við og skrá framburð þess
  - 8.6 Fá afrit af efnagreiningu fyrirtækisins á fóðrinu

9. Taka á móti niðurstöðum rannsókna frá greiningarstofum
  - 9.1 Vinna úr niðurstöðum efnagreininga í samræmi við reglugerð
  - 9.2 Tilkynna niðurstöður til forstöðumanns matvælaöryggis og neytendamála
  - 9.3 Tilkynna niðurstöður til viðkomandi fyrirtækja.
10. Gera ráðstafanir til að málið endurtaki sig ekki
  - 10.1 Taka út innra eftirlit viðkomandi fyrirtækja
  - 10.2 Gefa fyrirskipanir um breytingar ef með þarf
  - 10.3 Fylgjast með að breytingar séu gerðar
11. Skrifa skýrslu um málið

## [Gátlisti 08](#)

### **b. Forstöðumaður matvælaöryggis og neytendamála**

Komi upp grunur eða staðfesting á alvarlega gölluðu og hugsanlega hættulegu fóðri skal forstöðumaður matvælaöryggis og neytendamála bregðast við sem hér segir:

1. Meta stöðuna í samvinnu við fagsviðsstjóra fóðurs
2. Tilkynna um gruninn munnlega og skriflega
  - 2.1 Til fagsviðsstjóra fóðureftirlits
  - 2.2 Til framkvæmdastjóra inn- og útflutningsmála
  - 2.3 Til forstjóra Matvælastofnunar
  - 2.4 Til yfirdýralæknis
  - 2.5 Til héraðsdýralækna
  - 2.6 Til forstöðumanns stjórnarsýslu og lögfræði
  - 2.7 Til heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga
  - 2.8 Til Umhverfisstofnunar
  - 2.9 Til Bændasamtaka Íslands
  - 2.10 Til Landlæknis
  - 2.11 Til Fiskistofu
3. Taka ákvörðun um stöðvun dreifingar og notkunar á fóðrinu, í samráði við fagsviðsstjóra
  - 3.1 Gefa út skrifleg fyrirmæli til fóðurfyrirtækisins um að stöðva dreifingu á fóðrinu
  - 3.2 Gefa út skrifleg fyrirmæli til fóðurfyrirtækisins um að innkalla fóðrið
  - 3.3 Gefa út skrifleg fyrirmæli til fóðurfyrirtækisins um að merkja fóðrið sem gallað og skaðlegt
4. Taka ákvörðun um meðhöndlun og förgun fóðursins, í samráði við fagsviðsstjóra og Umhverfisstofnun ef við á
  - 4.1 Gefa út skrifleg fyrirmæli til fóðurfyrirtækisins um hvernig fóðrið skuli meðhöndlað og fargað
5. Leggja fram tillögu, ef nauðsyn er á, um stöðvun dreifingar á fóðri sem framleitt var næst á undan og eftir gallaða fóðrinu
  - 5.1 Gefa út skrifleg fyrirmæli til fóðurfyrirtækisins um að stöðva dreifingu á fóðrinu
6. Fela fagsviðsstjóra að hefja rannsókn á framleiðsluferli fóðursins

7. Meta hvaða úrbætur þurfi að gera, hvort stöðva beri framleiðslu og hvort afturkalla skuli skráningu fyrirtækisins í samráði við forstjóra Matvælastofnunar
8. Skrifa drög að fréttatilkynningu til fjölmiðla
9. Svара faglegum fyrirspurnum frá fjölmiðlum og öðrum

### Gátlisti 09

#### **c. Forstjóri**

Komi upp grunur eða staðfesting á alvarlega gölluðu og hugsanlega hættulegu fódri skal forstjóri bregðast við sem hér segir:

1. Meta stöðuna í samvinnu við forstöðumann matvælaöryggis og neytendamála
2. Tilkynna um gruninn
  - 2.1 Til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra
  - 2.2 Til fódurnefndar
  - 2.3 Til starfsfólks Matvælastofnunar
  - 2.4 Til fjölmiðla
  - 2.5 Til Eftirlitsstofnunar EFTA
  - 2.6 Til sýslumanns eða lögreglu ef á þarf að halda
3. Kalla saman fódurnefnd, sbr. 26. gr. reglugerðar nr. 340/2001 um eftirlit með fódri, ef með þarf
4. Senda út fréttatilkynningu og skipuleggja blaðamannafund, ef þörf er á
5. Taka ákvörðun, í samráði við forstöðumann matvæla- og umhverfissviðs og forstöðumann stjórnsýslusviðs, um hvort afturkalla skuli skráningu fódurfyrirtækisins, sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 340/2001 um eftirlit með fódri. Jafnframt hvort stöðva skuli dreifingu og notkun vöru og framleiðslu hennar.
6. Taka ákvörðun, í samráði við forstöðumann matvæla- og umhverfissviðs og forstöðumann stjórnsýslusviðs, um hvort málið skuli kært til lögreglu

### Gátlisti 10

#### **4. Alvarlegar afleiðingar fyrir heilsu dýra eða fólks**

Hafi skemmt fóður valdið alvarlegum veikindum í dýrum skal tilkynna það til yfirdýralæknis og viðkomandi héraðsdýralæknis. Með málið skal þá fara samkvæmt viðbragðsáætlun vegna alvarlegra sjúkdóma í dýrum.

Hafi skemmt fóður valdið alvarlegum veikindum í mönnum skal tilkynna það til Landlæknis.

#### **5. Endurskoðun og viðhald á viðbragðsáætluninni**

Forstöðumaður matvælaöryggis og neytendamála ásamt fagsviðsstjóra fóðureftirlits bera ábyrgð á því að uppfæra lista yfir heimilisföng og símanúmer þeirra sem þarf að gera viðvart. Þeir bera einnig ábyrgð á öðrum þeim atriðum sem skipta máli fyrir árangursríka viðbragðsáætlun, t.d. að fyrir hendi séu nauðsynleg tæki til sýnatöku, samningar við rannsóknarstofur og hæft starfsfólk.

Forstöðumaður matvælaöryggis og neytendamála ber ábyrgð á að setja á laggirnar vinnuhóp annaðhvert ár til að endurskoða viðbragðsáætlunina. Einnig skal áætluninni haldið við og hún vera í stöðugri endurskoðun.